



3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2012-2013 haldinn föstudaginn 1. mars 2013 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Guðni Th. Jóhannesson varamaður í stað Sigrúnar Gísladóttur sem boðaði forföll. Fundinn sátu einnig Sigríður Einarsdóttir fulltrúi foreldra, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 2. fundar skólanefndar hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

1. Fjárhagsstaða FG undanfarin ár

Skólameistari sendi fundarmönnum fyrir fundinn yfirlit yfir fjárhagslega afkomu skólans frá 2007. Í máli skólameistara kom fram að staðan væri alvarleg, hlutfall launa af fjárheimildum er mjög hátt. Ljóst er að of lítið fé er lagt til skólans. Fé til eignakaupa er af afar skörnum skammti. Fundarmönnum er boðið að senda skólameistara fyrirspurnir varðandi fjármál skólans.

2. Staða skólans í Garðabæ

Fyrir fund höfðu fundarmenn fengið skýrslu Þorsteins Þorsteinssonar og Gunnlaugs Sigurðssonar svo og ályktun Kennarafélags FG vegna hugmynda Garðabæjar um framtíð skólamála í Garðabæ og stöðu FG. Skipst var á skoðunum um málið. Fundarmenn voru sammála um að það væri til heilla fyrir Garðabæ að auka samstarfið milli skólastiga og þörf væri á frekari umræðu.

3. Innritun fyrir haustönn 2013

Nemendur úr Garðabæ (og af Álftanesi nú Garðabæ) hafa haft forgang í innritun nema á listnámsbrautir og íþróttabraut. Aðrar reglur um innritun gilda um starfsbraut. Skólanefnd styður það að innritunarreglur verði áfram með sama hætti, þ.e. að Garðabæingar hafi forgang í innritun á allar brautir nema listnámsbrautir og íþróttabraut.

4. Gospelkór Jóns Vídalíns

Fyrirspurn kom frá skólanefndarmanni um fyrirkomulag samstarfs við kirkjuna um verkefnið. Í máli skólameistara kom fram að frumkvæði þessa samstarfs kom frá Garðakirkju. Nemendur sem þess óska taka þátt í kórastarfinu og fá einingar fyrir. FG tekur þátt í kostnaði við kórstjóra. Nokkur umræða fór fram um þennan lið og ákveðið að ræða málið betur síðar þar sem fundartíminn var liðinn.

Næsti fundur skólanefndar verður föstudaginn 5. apríl.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.